

Nd.

828. Frumvarp

til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölu-nefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neytlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða

einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kaupsins, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kaupsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur, og geta þær verið misháar, eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamað skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsg. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt skal þó þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til samsölnunnar og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 litra ársnyt úr hverri kú. Þeim, sem selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlita þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkursölunefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir. Heimilt er stjórn samsölnunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum

á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar, sem svo stendur á sem segir í upphafi 1. málsg. , skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða gerilsneyðingarstöð.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kaupþún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætið sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk, sem seld er samkvæmt þessari grein, önnur en sú, sem framleidd er innan lögsagnarumdæma kaupstaða og seld beint til neytenda samkvæmt heimild 1. málsgreinar, svo og allur sölurjómi, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kaupþúnum og sveitum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð i samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd i samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs i senn, i fyrsta sinn til 1. mai 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn i nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur vikur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kaupþúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama

hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti mætt á fundum þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $\frac{3}{4}$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $\frac{1}{4}$ hlutum úr rikissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

7. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

- a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
- b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
- c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
- d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búna, sem hún telur hafa óhæfilega háan rekstrarkostnað.
- e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
- f. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
- g. Að hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir, er að því lúta.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir, að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

9. gr.

Nú eykst smjörframleiðsla í landinu svo, að erfitt verður að selja smjör-ið á venjulegan hátt, og skal þá blöndun á smjöri í smjörliki koma til framkvæmda, eftir tillögum mjólkursölunefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

11. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

12. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnstu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal að minnsta kosti taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvara, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja visvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvöru inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda rétti til beinnar sölu til neytenda (sbr. 5. gr.), ef henni þykir hann misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga þessara.

15. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja visvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 47 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík, og lög nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessi skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

Ákvæði um stundarsakir.

Mjólkursölunefnd skal þegar sjá um, að hafinn verði undirbúningur til samsölu mjólkur, þannig að byrja megi að framkvæma söluna eigi síðar en um næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölnunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölnunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.